

Nd.

## 450. Nefndarálit

[54. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 11 12. febr. 1940, um sölu og útflutning á vörum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (EOI).

Nefndin hefur klotnað um málið. Legg ég til, að það sé samþykkt.

Samkvæmt lögum er öllum öðrum en ríkisstjórn Íslands óheimilt að bjóða út eða selja íslenskar framleiðsluvörur á erlendum mörkuðum. Þetta vald hefur ríkisstjórnin notfært sér til þess að hneppa alla útflutningsframleiðsluna í einokunarfjötra. Þannig er öll sala á tveimur veigamestu þáttum útflutningsins, hraðfrystum fiski og saltfiski, algerlega á valdi ríkisstjórnarinnar og nánustu umboðsmanna hennar. Söluskipulag þetta hefur gefið sérstaklega illa. Mörg dæmi eru um, að sölu hafa verið gerðar, sem eru þjóðhagslega óhagkvæmar, og betri sölu neitað. Með þessu skipulagi hafa Íslendingar hrakizt út af ýmsum beztu fiskmörkuðunum og tapað ótöldum milljónatugum í verðmætum.

Nú, þegar liðið er að lokum þessa árs, er þannig ástatt í afurðasölumálunum, að  $\frac{2}{3}$  af ársframleiðslu hraðfrystihúsanna liggur óseld, ýmist hér heima eða í geymslum erlendis.

Tvisvar á þessu ári hefur þurft að stöðva framleiðslu á frosnum fiski samkvæmt skipunum frá þeim aðilum, sem einoka sölu þessarar framleiðslu. Það er harðvítugt, þegar þannig er komið, að framleiðendum skuli neitað um rétt til að bjóða út vöru sína og selja hana án truflana frá ríkisvaldinu. Það virðist vera æði harðleikið fyrir fiskveiðipjóð að sætta sig við slíkt ástand, að framleiðendum sé bannað að gera tilraunir til sölu á þeim fiskafli, sem stjórnarvöldin geta ekki selt sjálf.

Í ár hefur þó sannast, svo að ekki verður um villzt, að til eru ýmsir markaðir fyrir framleiðslu okkar, sem ekki hafa verið notaðir þrátt fyrir ýmsar ábendingar þeirra, sem kunnugir voru. Tvö ár eru síðan ég upplýsti ríkisstjórnina um, að hægt væri t. d. að selja allmikið magn af íslenskum afurðum í Austur-Þýzkalandi. Þá vildi ríkisstjórnin ekki hlusta á upplýsingar mínar, en gaf út blekkjandi yfirlýsingu, sem átti að afsanna markaðsmöguleika í Austur-Þýzkalandi. Ríkisstjórn Íslands vildi þá ekki leyfa sölu til þessa lands og kom í veg fyrir hana. Þar með voru landsmenn sviptir góðum markaði og hagstæðu verði. Það var svo fyrst nú í haust, þegar stjórnin var komin í algert öngþveiti með sölu frosna fisksins, að hún lét undan framleiðendum og leyfði landsmönnum að notfæra sér markaðinn í Austur-Þýzkalandi. En enn hefur markaðurinn þar ekki verið nýttur nema að litlu leyti.

Hvert hneykslið hefur rekið annað í saltfisksölumálunum. Sannað er, að þekkt fiskfirnu erlendis hafa leitað eftir að fá keyptan hér saltfisk fyrir herra verð en einokunarstofnun ríkisstjórnarinnar hefur selt á. Samanslungnir hagsmunir háttsettra Íslendinga, sem stjórna söluinni héðan, og Íslendinga og útlendinga, sem kaupa fiskinn í markaðslöndunum, hafa komið í veg fyrir eðlileg viðskipti með þessa vöru.

Íslenskum fiskframleiðendum er bannað að selja framleiðslu sína. Ríkisvaldið gín yfir söluinni, en getur þó ekki komið framleiðslunni í verð. Það er kaldhæðni örlaganna, að það skuli vera sami stjórnmalaflokkurinn, sem þykist berjast fyrir frjálsri verzlun, og sá, sem hatrammast berst fyrir viðhaldi þessarar útflutnings-einokunar. Ef minnst er á tillögur í þá átt að lina á þessu söluskipulagi, ætlar forusta Sjálfstæðisflokksins, sem hefur verzlunarfrelsi á stefnuskrá sinni, alveg af vitinu að ganga. Hver er ástæðan? Hvaða taugar tengja þessa forustu svona rammlega við einokunarkerfið?

Vegna breyttra verzlunaráttanna síðari árin er óhjákvæmilegt, að sala á útflutningsvörum landsins og kaup á vörum til landsins séu rekin í nánú samhengi. Slík verzl-

unarstefna fer í bága við ófrávikjanlegar þarfir útflutningsins, eins og nú er málum komið. Meginefni þessa frumvarps er að heimila frjálsan útflutning á framleiðsluvörum og frelsi um leið til innflutnings. Slikt frelsi er meginundirstaða þess, að greiðlega geti tekizt um sölu afurðanna, eins og nú er komið, og einnig þess, að innflutningurinn sé í eðlilegu samræmi við útflutninginn. Í frumvarpinu er þess gætt að heimila ríkisstjórninni nægilegt aðhald við útflytjendur, þannig að öruggt sé, að undirboð og spákaupmennska séu útilokuð. Væri frumvarp þetta samþykkt, yrði þungum bagga létt af framleiðslunni. Sala á afurðunum mundi ganga betur og útflytjendur fengju sanngjarna aðstöðu til að ráða yfir innflutningi og losna við nokkuð af milliliðagróða heildsala.

Flestar viðskiptaþjóðir okkar setja það skilyrði fyrir kaupum á fiskafurðum héðan, að við jafnframt kaupum í staðinn vörur frá þeim. Slík viðskipti geta verið hagstæð, og reynslan hefur sannað í ýmsum tilfellum, að þannig höfum við fengið hagstæðust viðskipti. Vöruskipti geta auðvitað líka verið óhagstæð, og sumir þeir samningar, sem ríkisstjórnin hefur gert þannig, hafa verið óheppilegir. En nú er svo komið, að þýðingarlaust er með öllu að ætla sér að selja allar fiskafurðir landsins fyrir harðan gjaldeyri og nota svo þann gjaldeyri til vörukaupa hjá annarri þjóð. Þannig er ekki hægt að selja fiskframleiðslu okkar nú í dag, nema með óþolandi óhagstæðu verðlagi. Þrátt fyrir þessar staðreyndir þykist ríkisstjórnin hafa mikinn hluta innflutningsins frjálsan, þ. e., heildsalar og aðrir innflytjendur geta þá fengið gjaldeyri keyptan í bönkunum og keypt vörur þar, sem þeim sýnist.

Alþingi, 12. des. 1952.

Einar Olgeirsson.